

# STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 1995

Nr. 458

1160

28. ágúst 1995

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

| Úr tollnúmeri:        | Vara                                                                        | Tímabil      | Vörumagn<br>kg. | Verðtollur<br>% |
|-----------------------|-----------------------------------------------------------------------------|--------------|-----------------|-----------------|
| 0601.2002             | Pottapl. af ættkv. Bromilea einnig<br>plönturnar Erica Gracilis og Calluna. | 28.08.-31.12 | ótilgr.         | 30              |
| <b>Tollnúmer:</b>     |                                                                             |              |                 |                 |
| 0602.1000             | Græðlingar og gróðurkvistir, án róta                                        | 28.08.-31.12 | ótilgr.         | 0               |
| 0602.2000             | Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt                                        | 28.08.-31.12 | ótilgr.         | 30              |
| 0602.4000             | Rósir, einnig ágræddar                                                      | 28.08.-31.12 | 5.000           | 30              |
| <b>Úr tollnúmeri:</b> |                                                                             |              |                 |                 |
| 0602.9900             | Staurar af Dracaena til framhalds-<br>ræktunar, með rót.                    | 28.08.-31.12 | ótilgr.         | 30              |

Við innflutning sem fellur undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknnum um tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar og gildir til 31. desember 1995.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Jón Höskuldsson.*